

haskolanemar.is

Alþingi – nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4.maí 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um LÍN, 392. mál. 146. löggjafarþing 2016 - 2017

Við er til umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis þann 7. apríl 2017. Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfesta heimild LÍN til þess að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla á Íslandi.

Afstaða Landssamtaka íslenskra stúdenta

Samtökin taka undir mikilvægi þess að hafa skýra lagastoð fyrir lánveitingu til aðfaranáms. LÍS gerir hins vegar athugasemdir við það að með þessum breytingum skuli ekki vera áfram lánað til aðfaranáms erlendis og leggja til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólalæningum, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla. ~~á Íslandi og samþykkt af ráðherra.~~

Rökstuðningur er eftirfarandi:

Samkvæmt fylgjandi greinargerð frumvarpsins voru einungis 11 einstaklingar sem nýttu sér þessa lánþjónustu á tímabilinu 2015 til 2016. Útlán til þessara 11 einstaklinga voru tæplega 15 milljónir kr. en sú upphæð telst e.t.v. ekki há þar sem gert var ráð fyrir rúmlega 15 milljörðum í heildarútlán LÍN í fjárlögum árið 2016. Því getur varla talist að þessi hópur sé mikil fjárhagsleg byrði fyrir lánasjóðinn. Eftir stendur því spurningin, til hver eru þessar breytingar og eru þær nauðsynlegar? Að mati LÍS er þetta aðför að alþjóðavæðingu náms. Ef einstaklingur hefur ekki lokið bóklegu framhaldsskólanámi og hefur áhuga á að fara í aðfaranám erlendis eru möguleikarnir sem hann hefur til þess verulega skertir. Að mati LÍS er verið að draga úr möguleikum íslenskra námsmanna til þess að stunda það nám sem þeir hafa áhuga á og að með þessum aðgerðum séu íslensk stjórnvöld að mismuna námsmönnum eftir því hvar þeir vilja stunda nám sitt.

Landssamtök íslenskra stúdenta meta það sem svo að með þessu séu réttindi íslenskra námsmanna erlendis skert. Rökstuðningur fyrir því er óhaldbær og því leggst LÍS gegn frumvarpinu í núverandi mynd og hvetur til endurskoðunar á því í samráði við íslenska stúdenta.